



Til aðildarhafna Hafnasambands Íslands

Reykjavík 26. nóvember 2018

1610004HA GG/vrh  
Málalykill: 30.03

**Efni: Ályktun 41. hafnasambandsþings um öryggi í höfnum**

Hafnasamband Íslands hélt sitt 41. hafnasambandsþing dagana 25.-26. október sl. í Reykjavík. Þar var samþykkt samhljóða eftifarandi ályktun um um öryggi í höfnum:

„Hafnasambandsþing haldið í Reykjavík dagana 25.-26. október 2018 beinir þeim tilmælum til hafna að unnið verði áhættumat þar sem leitast verður við að benda á hættur sem stafað geta að þeim sem fara um hafnarsvæði og hafnabakka. Því er beint til stærri hafna að unnið verði að öryggisvottun hafnanna. Íslenskar hafnir uppfylla langflestar öll ákvæði reglugerðar um öryggi í höfnum, en mikilvægt er að horfa til atriða sem ekki verða sett í reglugerðir. Útgerðir hafa náð framúrskarandi árangri í öryggismálum með markvissum aðgerðum og mikilvægt að hafnirnar láti ekki sitt eftir liggja.“

Þessari ályktun er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst  
HAFNASAMBAND ÍSLANDS

Gísli Gíslason

formaður stjórnar Hafnasambands Íslands